

Fundargerð aðalfundar

Pekkingarsetur Vestmannaeyja

Aðalfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn miðvikudaginn 28. apríl 2016 og hófst kl. 10.30 í fundarsal á þriðju hæð að Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.

Til aðalfundarins var boðað skriflega og með tölvupósti 14. apríl sl. í samræmi við samþykktir félagsins og ítrekað í tölvupósti miðvikudaginn 27. apríl sl. Á ársfundinn mættu fulltrúar frá 14 stofnaðilum. Elliði Vignisson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn samþykkti tillögu um að Arnar Sigurmundsson annaðist fundarstjórn og Páll Marvin Jónsson fundarritun.

1.mál. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra


Skýrsla stjórnarformanns. Formaður stjórnar, Elliði Vignisson gerði grein fyrir störfum stjórnar. Í stjórn Þekkingarsetursins á síðasta starfsári voru ásamt formanni þau Arnar Sigurmundsson, Páll Guðmundsson, Anna Sigríður Hjaltadóttir, Sveinn Margeirsson, Jóhann Sigurjónsson og Sæunn Stefánsdóttir. Í framkvæmdastjórn ÞSV eru auk Elliða formanns, Arnar Sigurmundsson, varaform. og Páll Marvin Jónsson, frkvstj. Alls voru haldnir 4 stjórnarfundir á tímabilinu og þess á milli hefur framkvæmdastjórn ÞSV komið saman að jafnaði 1-2svar í mánuði þar sem farið var yfir ýmis málefni ÞSV og dótturfélags ÞSV S30 fasteignafélag ehf.

Helstu verkefni starfsársins hafa snúið að framkvæmdum á jarðhæð Strandvegar 50 og flutningi Visku á jarðhæðina í endurbætta aðstöðu, hönnun og framkvæmdir á Ægisgötu 2 fyrir starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja og samstarfsaðila og vinna við að koma á háskólanámi í Vestmannaeyjum. Allt hafa þetta verið tímafrek og krefjandi verkefni en sérlega ánægjulegt að stefnt er að því að lenda þeim á næsta ári.

Fram kom í máli formanns að framkvæmdir við jarðhæð Strandvegar 50 hófust s.l. vor og var húsnæðið tekið í notkun í lok október 2015. Það verður að segjast að verkið hefur tekist vel og aðstaðan fyrir, kennslu og námskeið og ekki síst fjarnema orðin til fyrirmyndar.

Í október sl. var samið við Mannvit hf. og Ask arkitektar um arkitekta- og verkfræði hönnun á 2. hæð Fiskiðjunnar. Áætlað er að fullnaðarteikningar og endanleg kostnaðaráætlun verði klár nú í maí og verður þá hægt að ráðast í útboð á framkvæmdinni innanhúss. Ef allt gengur að óskum er áætlað að hægt verði að taka húsnæðið í notkun á fyrrihluta næsta árs eða vonandi fyrir næsta ársfund Þekkingarsetursins.

Formaður fór síðan yfir stöðu nýs háskólanáms sem áformað er að hefjist á haustönn 2016. Námið er samstarfsverkefni tveggja háskóla, þ.e. Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyrir og síðan



heimamanna. Námið er diplómanám og hefur yfirskriftina Haftengd Nýsköpun. Búið er að ráða námsbrautarstjóra til að halda utan um námið og mun Þekkingarsetrið og Viska leggja náminu til aðstöðu bæði fyrir skrifstofu áfangastjórans og kennsluáðstöðu. Þetta er stórt skref í starfinu hér í Eyjum og einkar mikilvægt fyrir samfélagið. Formaður þakkaði þeim fjölmörgu sem komu að undirbúningi námsins og trú háskólarektoranna á samfélagið í Eyjum.

Að lokum þakkaði formaður starfsmönnum Þekkingarsetursins og stjórn fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Sérstaklega þakkaði hann Jóhanni Sigurjónssyni fyrir samstarfið undanfarin 7 ár Önnu Sigríði Hjaltadóttir fyrir sín 5 ár í stjórn en bæði gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn sökum breytinga í starfi.

Skýrsla framkvæmdastjóra.

Páll Marvin Jónsson flutti skýrslu framkvæmdastjóra. Fram kom í máli Páls, að yfirstaðið starfsár hafi verið annasamt hjá starfsmönnum Þekkingarsetursins. Hvar sem komið er niður hafa starfsmenn haft í mörgu að snúast.

Framkvæmdir á jarðhæð Strandvegs 50 og flutningur Visku í aðstöðuna spönnuðu lungað af starfsárinu. Kostnaður við framkvæmdirnar var greiddur fyrst og fremst af SHIVE, sem er húsfélag um Strandveg 50 í eigu Vestmannaeyjabæjar og Visku. Önnur sértæk verk voru greidd af Visku. Þekkingarsetrið lagði til starfsmann – Georg Skæringsson- til að stýra eftirliti með framkvæmdunum. Almennt má segja að útkoman sé fyrirmyndar aðstaða fyrir kennslu og nemendur í námi hjá Visku. Húsnæðið opnaði síðan með pompi og prakt þann 16. október 2015. Starfsmenn fyrirtækja/stofnana með starfsemi innan ÞSV fluttu stutt erindi á opnuninni þar sem þeir kynntu starfsemi sína.

Gert var samkomulag við Vestmannaeyjabæ um notkun á bátaskýlinu á Skansinum gegn því að ÞSV sjái um að halda því við. RIB báturinn var seldur og hentugri bátur fyrir úteyjarnar keyptur í staðinn. Tækjabúnaður í rannsóknarbátum Friðriki Jessyni var einnig endurnýjaður. Ráðist var í viðhald og endurnýjun á húsnæði og skrifstofubúnaði Sæheima, keyptur var búnaður fyrir nýja sýningu í Sæheimum og ljósritunarvél á þjónustuskrifstofu endurnýjuð.

Í Sagnheimum var unnið að fjölmörgum spennandi verkefnum á árinu. Alls voru haldnir 37 menningartengdir viðburðir í safnahúsinu sem Sagnheimar komu að eða stóðu fyrir. Má þar nefna verkefni: Saga og súpa; Úr fórum kvenna; Konur í bókmenntum; Eyjakonur í íþróttum; Dagur bókarinnar; Íslenski safnadagurinn; Vindmyllur og nýting vindorku; Þær þráðinn spunnu; Örlagasaga Hallgríms og Guðríðar; Atorkukonur í Safnahúsinu; og Vestmannaeyingar í Utah. Viðburðirnir voru nær undantekningalaust vel sóttir eða á bilinu 50-90 manns og verður það að teljast afrek í ljósi þess fjölda viðburða sem haldnir voru.

2.mál. Ársreikningur ÞSV 2015

Hafsteinn Gunnarsson, endurskoðandi frá Deloitte fór yfir ársreikninginn. Könnun Deloitte byggir á aðferðarfræði sem þróuð er af Deloitte og byggir á alþjóðlegum staðli ISRE 2400 um könnun ISA. Könnunin fól í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum Þekkingarsetursins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Árið 2015
Heildartekjur	96.108.722
Heildargjöld	88.109.756
Rekstarhagnaður	<u>7.998.966</u>
Fjármagnstekjur netto námu samtals kr.	<u>404.017</u>
Hagnaður ársins	<u>8.402.983</u>

Nokkur tekju aukning er frá árinu 2014 en hún stafar af aukinni innkomu í Sæheima, samningi við Vestmannaeyjabæ um stuðning við ferðaþjónustuna, þjónustu vegna framkvæmda við jarðhæð Strandvegur 50 og sölu fastafjármuna.

Efnahagsreikningur 31. desember 2015. Niðurstöðutölur efnahagsreiknings ÞSV 31. des. 2015 voru kr. 112.045.285. Þar af var eigið fé ÞSV kr. 53.115.503, í þeirri fjárhæð er stofnfé ÞSV kr. 7.700.000. Langtímaskuldbindingar ÞSV vegna húsnæðismála eru kr. 37,5 millj. vegna framlags Vestmannaeyjabæjar vegna húsakaupa og fyrirframgreidd leiga HÍ kr. 14,8 millj. Skuldbindingar vegna Sjávarrannsóknna ÞSV lækka í 3,7 millj. kr. Langtíma skuldbindingar 31. des. 2015 voru því alls kr. 55.950.695.

Eignir á móti þessum skuldbindingum eru geymdar og ávaxtaðar í innlánsformum í Landsbanka Íslands í Vm. auk þess eignarhluta sem til staðar er í S-30 fasteignafélagi ehf.

Helstu breytingar á efnahagreiðningi

Eignarhlutur í S30 fasteignafélagi ehf. er óbreyttur í árslok 2015 – 42 milljónir en félagið er í 100% eigu ÞSV. Hlutverk félagsins er að vinna að uppbyggingu framtíðarhúsnæðis Þekkingarseturs Vestmannaeyja og leigutaka. Afkoma dótturfélagsins S30 fasteignafélag á árinu 2015 var neikvæð um kr. 558.531 og var eigið fé félagsins kr. 38.081.133. Sjá nánar tillögu í 7. máli í fundargerðinni.

Viðskiptakröfur ÞSV eru 6,2 millj. kr. í árslok 2015 sem stafar fyrst og fremst af því að samningur við Vestmannaeyjabæ var ógreiddur um áramót. Viðskiptaskuldir eru um 1,5 milljón. Aðrar

2.mál. Ársreikningur ÞSV 2015

Hafsteinn Gunnarsson, endurskoðandi frá Deloitte fór yfir ársreikninginn. Könnun Deloitte byggir á aðferðarfræði sem þróuð er af Deloitte og byggir á alþjóðlegum staðli ISRE 2400 um könnun ISA. Könnunin fól í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum Þekkingarsetursins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Árið 2015
Heildartekjur	96.108.722
Heildargjöld	88.109.756
Rekstarhagnaður	<u>7.998.966</u>
Fjármagnstekjur netto námu samtals kr.	<u>404.017</u>
Hagnaður ársins	<u>8.402.983</u>

Nokkur tekju aukning er frá árinu 2014 en hún stafar af aukinni innkomu í Sæheima, samningi við Vestmannaeyjabæ um stuðning við ferðapjónustuna, þjónustu vegna framkvæmda við jarðhæð Strandvegur 50 og sölu fastafjármuna.

Efnahagsreikningur 31. desember 2015. Niðurstöðutölur efnahagsreiknings ÞSV 31. des. 2015 voru **kr. 112.045.285**. Þar af var eigið fé ÞSV **kr. 53.115.503**, í þeirri fjárhæð er stofnfé ÞSV kr. 7.700.000. Langtímaskuldbindingar ÞSV vegna húsnæðismála eru kr. 37,5 millj. vegna framlags Vestmannaeyjabæjar vegna húsakaupa og fyrirframgreidd leiga HÍ kr. 14,8 millj. Skuldbindingar vegna Sjávarrannsóknna ÞSV lækka í 3,7 millj. kr. Langtíma skuldbindingar 31. des. 2015 voru því alls **kr. 55.950.695**.

Eignir á móti þessum skuldbindingum eru geymdar og ávaxtaðar í innlánsformum í Landsbanka Íslands í Vm. auk þess eignarhluta sem til staðar er í S-30 fasteignafélagi ehf.

Helstu breytingar á efnahagreikningi

Eignarhlutur í S30 fasteignafélagi ehf. er óbreyttur í árslok 2015 – 42 milljónir en félagið er í 100% eigu ÞSV. Hlutverk félagsins er að vinna að uppbyggingu framtíðarhúsnæðis Þekkingarseturs Vestmannaeyja og leigutaka. Afkoma dótturfélagsins S30 fasteignafélag á árinu 2015 var neikvæð um kr. 558.531 og var eigið fé félagsins kr. 38.081.133. Sjá nánar tillögu í 7. máli í fundargerðinni.

Viðskiptakröfur ÞSV eru 6,2 millj. kr. í árslok 2015 sem stafar fyrst og fremst af því að samningur við

skuldbindingar eru kr. 41.190.503, Vestmannaeyjabær vegna húsakaupa kr. 37.5 milljónir og skuldbindingar vegna sjávarrannsókna kr. 3.690.503 sem lækkuðu um kr. 3,5 milljónir á árinu.

Við könnun Deloitte kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. á árinu, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn, sem var saminn af Deloitte var einróma samþykktur ásamt skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra ÞSV.

3.mál. Kosning stjórnar og endurskoðenda

Í stjórn ÞSV voru kjörin: Elliði Vignisson, bæjarstjóri, Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís ohf., Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar Visku, Sæunn Stefánsdóttir, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands, Thelma Hrund Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri hjá Ísfélaginu hf. og Páll Guðmundsson, framkvæmdastjór hjá Huginn ehf.

Til vara: Ásdís Sævaldsdóttir, útgerð Bergs Ve. og Guðný Óskarsdóttir Drífandi stéttarfélagi.

Endurskoðendur voru kjörnir: Deloitte – endurskoðun.

4.mál. Þóknun til stjórnarmanna ÞSV

Aðalfundurinn samþykkir að þóknun til stjórnarmanna ÞSV verði kr. 100 þúsund á mann fyrir liðið starfsár og 20 þúsund krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund. Formaður stjórnar fái tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag á þóknun stjórnarmanna, en þeir sitja báðir í framkvæmdaráði ÞSV ásamt framkvæmdastjóra.

5.mál. Tillögur til breytinga á samþykktum ÞSV

Engin tillaga til breytinga á samþykktum.

6.mál. Starfs- og rekstraráætlun ÞSV fyrir árið 2016

Páll Marvin Jónsson, frkvstj. gerði grein fyrir rekstraráætlun ÞSV fyrir árið 2016. Á undanförnum árum hefur ÞSV lagt aukna áherslu á rannsóknir og stuðning við ferðamál í sínum verkefnum. Til að efla þessa starfsemi enn frekar hefur ÞSV gert samning við Vestmannaeyjabæ um eflingu ferðaþjónustunnar í Vestmannaeyjum með yfirtöku á ákveðnum verkefnum hjá bænum. Verkefnin sem sem um ræðir snúa að kynningar- og markaðsstarfi fyrir bæinn sem er samhliða ætlað að efla rannsóknir- og styðja við ferðaþjónustuna í bænum. Samningurinn kemur til með að dekkja 50% stöðu til tveggja ára. Einnig hefur verið gerður þjónustusamningur við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (SASS) um að ÞSV annist atvinnuráðgjöf í Vestmannaeyjum.



Í ljósi þessara nýju áherslna í starfsemi ÞSV samþykkti stjórn breytingar á skipuriti ÞSV þar sem starfseminni verður nú skipt upp í þrjú svið, Kjarnasvið, Safnasvið og Stoðsvið. Kjarnasviðið fer með stjórnun, mannahald, umsjón, bókhald og rekstur húsnæðis að Strandvegi 50 ásamt því að þjónustuskrifstofa og stuðningur við aðrar stofnanir er rekin innann kjarnasviðs. Starfsmenn sviðsins eru framkvæmdastjóri, þjónustufulltrúi og umsjón- og verkstjórnandi. Innan Safnasviðs verða áfram rekin tvö söfn, Sagnheimar og Sæheimar. Tveir safnstjórar starfa á sviðinu. Safnstjóri við Sagnheima er í 100% starfshlutfalli en safnstjóri Sæheima er í 75%

Stoðsvið er nýtt í skipuriti Þekkingarsetursins en er hlutverk þess fyrst og fremst stuðningur við atvinnulífið í formi ráðgjafar, rannsókna og fræðslu. Undir sviðið fellur nýr samningur við Vestmannaeyjabæ um ráðgjöf og stuðning við ferðaþjónustuna í Vestmannaeyjum og þjónustusamningur við SASS.

Hrafn Sævaldsson hefur var ráðinn Nýsköpunar- og þróunarstjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Um er að ræða nýtt starf sem mun m.a. bera hitan og þungan af á þjónustusamningnum við SASS. Jafnframt hefur verið gerður tímabundin ráðningarsamningur við Raquel Isabell Díaz en hún mun annast ráðgjöf og verkefnavinnu í tengslum við ferðaþjónustuna í Vestmannaeyjum. Um er að ræða 50% stöðu. Báðar þessar stöður falla undir Stoðsvið ÞSV.

Fram komi í máli framkvæmdastjóra að verkefni ársins 2016 verða m.a. vinna við nýtt háskólanám í Vestmannaeyjum en ÞSV leggur til endurgjaldslaus afnot af skrifstofu fyrir umsjónarmann námsbrautar í Haftengdri nýsköpun, aðgengi fyrir nema námsins að norðurstofu á 3. hæð Strandvegs 50, nettengingu og aðstoð þjónustuskrifstofu ÞSV við tilfallandi verkefni. Áætlað framlag til námsins á kennsluárinu 2016-2017 er 1,2 milljón í formi aðstöðu og vinnu. Jafnframt verður áfram unnið að hönnun á nýrri aðstöðu og hafist verður handa við framkvæmdir á 2. hæð Ægisgötu 2.

Rekstraráætlunin tekur mið af þessum breytingum á starfseminni. Gert er ráð fyrir að sviðin þrjú verði rekstrarlega aðskilin en til að tryggja hagkvæmni verður flæði á milli sviða hvað varðar starfsmenn, aðstöðu og búnað.

Heildartekjurárið 2016 eru áætlaðar kr. 91,6 milljónir sem er töluverð aukning frá áætluðum heildartekjum ársins 2015 sem var áætlað að verði um kr. 79,7 milljónir. Tekjuaukningin stafar fyrst og fremst af nýjum samningum við Vestmannaeyjabæ og Samtök Sunnlenskra Sveitafélag ásamt vísitölutengdum hækkunum á framlögum frá ríki og þjónustusamningum við stofnanir og fyrirtæki með aðstöðu hjá ÞSV. Gert er ráð fyrir að reksturs Þekkingarseturs Vestmannaeyja fyrir árið 2016 skili tekjuafgangi upp á 2,8 milljónir.



7.mál. Niðurfærsla á hlutfé í S-30 og lækkun skuldbindingar vegna húsnæðismála

Undir liðnum önnur mál lá fyrir tillaga um niðurfærslu á hlutfé í S-30 fasteignafélagi ehf. Á aðalfundi S-30 fasteignafélags ehf. sem haldinn var fyrr þennan sama dag samþykkti stjórn S30 að færa hlutfé félagsins sem er 42.0 millj. kr. niður um 20 millj. kr. og eftir þá lækkun verður hlutfé félagsins 22.0 milljónir króna.


Ástæða lækkunar hlutfjár S30 ehf. er að kostnaður við hönnun og skipulagningu í fyrirhugaðri nýbyggingu S-30 ehf. undir starfsemi ÞSV að Strandvegi 30 Vestmannaeyjum sem var að mestu unnin 2013-2015 nýtist ekki nema að mjög litlu leiti í væntanlegu húsnæði ÞSV á 2. hæð vesturhúss Fiskiðjunnar.


Allt hlutfé í S-30 fasteignafélagi er í eigu Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

Jafnframt er lagt til að reiknaður liður- skuldbinding í ársreikningi ÞSV 2015 fjárhæð 37,5 millj. kr. vegna framtíðarhúsnæðis ÞSV verði fært niður um 20.0 millj. kr. og hefur því tillagan um niðurfærslu hlutfés ekki áhrif á heildarstöðu efnahagsreiknings ÞSV.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki bókað - Fundarstjóri sleit fundi kl 11:45 og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.


Arnar Sigurmundsson, fundarstjóri


Páll Marvin Jónsson, fundarritari